



Vogaskóli

Félags – og vináttufærni

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Ágúst 2020

Heiti verkefnis

Félags – og vináttufærni

Verkefnastjóri

Snædís Valsdóttir

Númer samnings og ár

Samningur númer UMS 80 skólaárið 2019 – 2020.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins er að innleiða og festa í sessi í skólanum aðferðir til þess að kenna nemendum á yngsta stigi félagsfærni. Markmiðið er einnig að gera verkferla/handbók fyrir skólann um það hvernig unnið er með félagsfærni nemenda á yngsta stigi.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Forstöðumaðurinn frístundar við skólann hefur sérstaka þekkingu á aðferðum Vöndu Sigurgeirsdóttur. Hann var því fenginn sem ráðgjafi fyrir alla umsjónarkennara á yngsta stigi.

Reglulegir vinnufundir voru þar sem fjallað var um félagsfærni og leiðir til að efla hana með nemendum. Notaðar voru aðferðir Vöndu Sigurgeirsdóttur til að meta stöðu hvers nemanda í jafningjahópi. Unnið var út frá skilgreiningu á því hvernig nemendur flokkast eftir samþykki jafningja. Farið yfir leiðir til þess að greina stöðu hvers nemanda í jafningjahópnum og skipulagðar leiðir/tækifæri/aðstæður/skráningarferli sem gerði kennurum og starfsfólki kleift að fylgjast markvisst með samskiptum nemenda.

Umsjónarkennararnir héldu fund með foreldrum allra barna á yngsta stigi. Í upphafi fundar var forstöðumaður frístundar með fræðslu til foreldra um verkefnið. Að því loknu voru foreldrar í hverjum árgangi fyrir sig með sínum umsjónarkennurum. Foreldrar ræddu stöðu barna sinna og hvernig þeim gengi að eiga samskipti við önnur börn.

Kennarar nýttu þessar upplýsingar ásamt því sem þeir voru búnir að komast að með athugunum í frímínútum til þess að gera áætlanir fyrir þá nemendur sem þurftu aðstoð við félagsfærni.

Kennararnir hittust reglulega til að ræða um félagsfærni nemenda, bæði með ráðgjafanum og án hans. Þeir komu sér upp „banka“ með aðferðum/hugmyndum/verkferlum sem þeir geta leitað í þegar nemendur eiga í vandræðum með félagsfærni.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Upphaflega var gert ráð fyrir að afraksturinn yrði einhvers konar handbók sem kennarar gætu leitað í vegna nemenda sem eiga í erfiðleikum með félagsfærni. Þetta urðu meira stuttir verkferlar sem við geymum á sameign kennara.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Skólaárið 2019 – 2020 var með öllu óvenjulegt og frá því í febrúar, vegna verkfalla og síðar vegna covid, þar til í maí var skólastarfið óvenjulegt. Það hafði áhrif á framgang verkefnisins.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið. Jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu.

Ávinningur af þessu verkefni var aukið samstarf við frístund. Meiri samvinna kennara við aðila í frístundinni skilaði meiri árangri í vinnu með nemendum og auðveldara varð að fást við málefni einstaklinga með slaka félagsfærni.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Það er mat umsjónarkennara og ráðgjafa, sem jafnframt þekkir nemendur vel þar sem hann er forstöðumaður frístundarinnar, að verkefnið hafi skilað góðum árangri. Nemendur hafi fengið aukna tilsögn í félagsfærni sem hefur skilað sér í færri árekstrum þeirra á milli, betri líðan og betri samskiptum milli nemenda á yngsta stigi.


Niðurstöður verkefnisins

Nú í byrjun skólaárs 2020 – 2021 hafa umsjónarkennarar á yngsta stigi skipulagt sambærilega vinnu og þeir unnu í þessu verkefni á síðasta skólaári. Þeir hafa nú tileinkað sér færni til að gera þetta án skipulagðra funda með ráðgjafa. Kunnátta þeirra nú gerir það að verkum að vinna með nemendum og samstarfið við frístund verður enn markvissara en áður.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið verður kynnt á kennarafundi í skólanum þar sem þessar aðferðir nýtast einnig vel með eldri nemendum.

Verkferlar eða slóð á þá verða í handbók kennara.


Snædís Valsdóttir, skólastjóri og verkefnisstjóri

3.09.2020.